



Ársreikningur 2016

Knattspyrnudeild

Yngri flokkar



Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	2
Áritun stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7



Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Gróttu 2016

Yngri flokkar 2. til 8. flokkur

Óhætt er að segja að árið 2016 hafi verið eitt það stærsta í sögu íslenskrar knattspyrnu. Árangur íslenska karla landsliðsins á lokamóti EM kom heimsbyggðinni á óvart og flestum Íslendingum. En ef horft er til þess gríðarlega uppbyggingarstarfs sem átt hefur sér stað sl. 15 ár þá verður þessi árangur ekki eins fjarstæðukenndur. Fagleg nálgun og metnaður í þjálfun yngri flokka hefur vakið eftirtekt nágretta þjóða og skýrir að miklu leyti uppskeru síðasta árs.

Að mörgu leyti má líkja stöðu Gróttu við íslenska landsliðið. Félagið er tiltölulega fámenn en gríðarlegur metnaður hefur einkennt starfið síðustu ár. Metnaðurinn felst í að skapa Gróttu-krökkum fyrsta flokks aðstöðu til að njóta sín og ná árangri í knattspyrnunni. Ánægja iðkenda og framfarir eru því hafðar að leiðarljósi í starfi félagsins. Kröfurnar eru hins vegar orðnar mjög miklar og fjölmargir þættir sem huga þarf að til að mæta þeim. Þetta er jákvæð þróun en kallar á enn skýrari stefnu og hæfara starfsfólk.

Haustið 2015 fór af stað umfangsmikil stefnumótunarvinna á starfi knattspyrnudeildar Gróttu. Þeir Magnús Örn Helgason og Bjarki Már Ólafsson leiddu þessa vinnu og var tilgangur hennar m.a. að móta framtíðarsýn og skerpa á hugmyndafræði fyrir starf yngri flokkanna til að ná settum markmiðum. Vorið 2016 var Gróttuleiðin gefin út í formi handbókar fyrir alla þá sem koma að starfi félagsins. Þetta 85 blaðsíða rit hefur vakið verðskuldaða athygli annarra félaga og er sannarlega

góður vegvísir fyrir starf deildarinnar á komandi árum. Stjórn knattspyrnudeildar vill þakka öllum þeim sem komu að mótun Gróttuleiðarinnar. Sérstakar þakkir fá þeir Magnús og Bjarki sem sýndu í verki hve mikið menn eru tilbúnir að leggja á sig fyrir uppeldisfélagið.

Gróttuleiðin vísar veginn en án öflugra þjálfara er erfitt að framfylgja stefnunni. Megin áhersla hefur því verið lögð á að byggja upp öflugt þjálfarateymi til að sinna þessu mikilvæga og fjölbætta starfi. Samkeppni um góða þjálfara hefur sjaldan verið meiri. Starf knattspyrnudeildar Gróttu hefur vakið eftirtekt síðustu ár og það er staðreynd að önnur félög hafa í síauknum mæli sótt í okkar þjálfara. Því er mikilvægt að halda enn betur utan um þjálfarahópinn og gera Gróttu að spennandi kosti fyrir metnaðarfulla þjálfara. Einn þáttur í þessu var að ráða Óskar Hrafn Þorvaldsson sem yfirþjálfara við hlið Magnúsar. Þeir félagar vinna þétt saman við stýringu deildarinnar þar sem Óskar er með áherslu á knattspyrnulega þætti og Magnús heldur öllum öðrum þáttum starfsins gangandi. Meirihluti þjálfara eru uppaldir Gróttu-menn sem hafa verið duglegir að sækja þjálfaranámskeið og hafa metnað til að bæta sig sem þjálfarar. Hópurinn er samheldin og staðan sjaldan verið betri hvað þjálfarahópinn varðar.

Starf yngri flokka Gróttu hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár. Fjölgun iðkenda síðustu ár hefur haldið sér og sem stendur er iðkendafjöldinn á aldrinum 4-19 ára nú nálægt 305, eða um 194 drengir og 110 stúlkur. Áfram hefur verið lögð sú megin áhersla að iðkendur fái góða og faglega þjálfun í knattspyrnu auk þess að styrkja félagsþroska og vináttu barna í Gróttu. Þetta hefur m.a. skilað sér í því að brottfall hefur almennt verið lítið. Þar reynir mest á elstu flokkana og hefur eftir megni verið stuðlað að því að iðkendur haldi sem lengst áfram. Samstarfið við KR í kvennaboltanum er hluti af þessu plani og hefur orðið til þess að Gróttu-stelpur geta haldið áfram í fótbolta upp alla yngri flokkana.

Gróttu tók þátt í öllum helstu mótum ársins og heilt yfir var árangurinn góður. Sem fyrr voru stóru sumarmótin fyrirferðamest hjá þeim yngstu en nokkrir eldri flokkar fóru í keppnisferðir erlendis. Sem fyrr voru bæði Gróttu-krakkar og foreldrar félaginu til sóma. Sumarnámskeið knattspyrnudeildar voru afar vel sótt að vanda. Pétur Már Harðarson veitti knattspyrnskólanum forystu og undanfarin ár fékk knattspyrnskólinn gæðavottun KSÍ og UEFA en einungis fáir knattspyrnskólar á landinu hafa hlotið þessa viðurkenningu mörg ár í röð.

Rekstrarleg afkoma yngri flokkanna var neikvæð á síðasta ári. Töluverðar sveiflur hafa verið í rekstrinum síðustu ár en fjárhagsleg staða deildarinnar er engu að síður jákvæð. Til að tryggja áframhaldandi traustan rekstur deildarinnar þarf að huga vel að rekstrarlegum forsendum starfsins. Slíkt leggur grunn að öflugu starfi á komandi misserum.

Í stjórn deildarinnar á árinu störfuðu:

Hilmar S Sigurðsson formaður

Sölvi Snær Magnússon varaformaður

Magnús Gunnarsson gjaldkeri

Dofri Pétursson ritari

Arnar Rafn Birgisson meðstjórnandi

Birgir Tjörvi Pétursson meðstjórnandi

Elías Kristjánsson meðstjórnandi

Hildur Ólafsdóttir meðstjórnandi

Halldór Eyjólfsson meðstjórnandi og formaður barna- og unglingaráðs

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum, þjálfurum, iðkendum, starfsmönnum Gróttu, iðkendum og foreldrum fyrir ómetanlegt starf í þágu deildarinnar á þessu ári. Einnig vil ég þakka Seltjarnarnesbæ og ÍTS fyrir ómetanlegan stuðning og fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnum misserum.

Seltjarnarnesi, 2. apríl 2016

Halldór Eyjólfsson formaður barna- og unglingaráðs

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar knattspyrnudeildar Gróttu

Undirritaður hefur kannað meðfylgjandi ársreikning yngri flokka knattspyrnudeildar Gróttu fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Ábyrgð undirritaðs felst í ályktun um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.


Umfang könnunar

Könnunin var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi er álit um endurskoðun ekki látið í ljós.

Ályktun

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga.

Seltjarnarnesi 16. mars 2017



Asbjörn Björnsson
löggiltur endurskoðandi




Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning yngri flokka Knattspyrnudeildar Gróttu fyrir árið 2016. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2016 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn Knattspyrnudeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning yngri flokka deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 16. mars 2017


Guðjón Norðfjörð


Bjarni Toffi Alþórsson



Áritun stjórnar

Stjórn knattspyrnudeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 16. mars 2017


Hilmar S. Sigurðsson


Sölvi Snær Magnússon


Dofri Pétursson


Magnús Gunnarsson


Arnar Rafn Birgisson


Birgir Tjörvi Pétursson

Halldór Eyjólfsson

Elias Kristjánsson


Hildur Ólafsdóttir



Rekstrarreikningur 2016

Rekstrartekjur	Skýr.	2016	2015
Framlög og styrkir	3	36.475.162	33.968.897
Aðrar tekjur	4	17.744.786	18.459.561
		<u>54.219.948</u>	<u>52.428.458</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	6.700.928	3.348.529
Verktakagreiðslur		21.072.500	13.654.000
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		20.320.589	21.615.390
Áhöld, tæki og búnaður		676.683	3.249.973
Þátttaka og kostnaður vegna móta	6	5.446.750	6.075.220
Annar kostnaður	7	2.379.278	988.631
		<u>56.596.728</u>	<u>48.931.743</u>
		Rekstrarhagnaður (-tap)	3.496.715
		(2.376.780)	
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		40.925	50.356
Vaxtagjöld		(6.176)	0
		<u>34.749</u>	<u>50.356</u>
		Hagnaður (tap) ársins	3.547.071
		(2.342.031)	



Efnahagsreikningur 31/12 2016

Eignir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		4.938.059	3.904.533
Handbært fé		<u>5.196.190</u>	<u>4.327.116</u>
Veltufjármunir samtals		<u>10.134.249</u>	<u>8.231.649</u>
Eignir samtals		<u>10.134.249</u>	<u>8.231.649</u>

Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		7.149.033	3.601.962
Tekjuafgangur ársins		<u>(2.342.031)</u>	<u>3.547.071</u>
Eigið fé samtals	8	<u>4.807.002</u>	<u>7.149.033</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>5.327.247</u>	<u>1.082.616</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.327.247</u>	<u>1.082.616</u>
Skuldir samtals		<u>5.327.247</u>	<u>1.082.616</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>10.134.249</u>	<u>8.231.649</u>
------------------------------------	--	-------------------	------------------



Sjóðstreymi 2016

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2016	2015
Hagnaður ársins		(2.342.031)	3.547.071
Hreint veltufé (til) frá rekstri		(2.342.031)	3.547.071
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(1.033.526)	(1.681.283)
Skammtímaskuldir		4.244.631	443.661
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		3.211.105	(1.237.622)
Handbært fé frá rekstri		869.074	2.309.449
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		869.074	2.309.449
Handbært fé í ársbyrjun		4.327.116	2.017.667
Handbært fé í árslok		5.196.190	4.327.116



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Knattspyrnudeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, knattspyrnudeildar Gróttu, er ársreikningur yngri flokka.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2016	2015
Húsaleigustyrkir	20.000.000	20.000.000
Ferðastyrkir	926.500	1.438.530
Rekstrarstyrkur	4.473.000	4.471.917
Sjálfsaflafé	4.029.000	3.709.400
Lottó	942.462	716.700
KSÍ styrkir	4.669.000	1.600.000
Aðrir styrkir	1.435.200	2.032.350
	<u>36.475.162</u>	<u>33.968.897</u>

4. Aðrar tekjur

	2016	2015
Æfingagjöld	17.288.039	17.094.856
Íþróttaskóli, námskeið	456.747	1.364.705
	<u>17.744.786</u>	<u>18.459.561</u>



Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
Laun	5.568.140	2.827.500
Launatengd gjöld	1.132.788	521.029
	<u>6.700.928</u>	<u>3.348.529</u>

6. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2016	2015
Ferðakostnaður innanlands	5.106.453	5.363.374
Annar kostnaður	340.297	711.846
	<u>5.446.750</u>	<u>6.075.220</u>

7. Annar kostnaður

	2016	2015
Rekstur skrifstofu	690.740	116.874
Kynning og fræðsla	853.177	380.800
Uppskeruhátíð og skemmtanir	135.364	171.830
Sumarskóli	83.459	67.181
Prentun	141.129	0
Þjónustugjöld	208.606	227.816
Annar kostnaður	266.803	24.130
	<u>2.379.278</u>	<u>988.631</u>

8. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	3.601.962	3.547.071	7.149.033
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	3.547.071	(3.547.071)	0
Afkoma ársins		(2.342.031)	(2.342.031)
Eigið fé 31/12	<u>7.149.033</u>	<u>(2.342.031)</u>	<u>4.807.002</u>